

## Góðir gestir

Mér er ánægja að bjóða ykkur velkomin hingað í boði Stjórnvísí, félags um framsækna stjórnun og Kauphallar Íslands í tilefni af verðlaunaafhendingu fyrir ársskýrslu ársins 2005. Markmið með þessum verðlaunum er að vekja athygli á því hversu mikilvægar ársskýrslur eru fyrir fjármagnsmarkaðinn. - ársskýrslur allra hlutafélaga sem skráð voru í Kauphöll Íslands 2005 eru lagðar á vogarskálina þegar mat er lagt á hver hlýtur verðlaunin nú.

Ársskýrslur eru hornsteinn í upplýsingagjöf fyrirtækja enda fjalla þær um öll helstu atriði sem máli skipta í rekstri. Það er alltaf að koma betur í ljós hvað vönduð upplýsingagjöf skiptir miklu máli til að auka trúverðugleika fjármagnsmarkaðarins, fjárfesta, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila þeirra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands og eru í alþjóðlegri starfsemi.

Á tímum hnattvæðingar er gerð almenn krafa um góða stjórnarhætti fyrirtækja - ábyrgð fyrirtækja - og margar alþjóðastofnanir, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu og fleiri hafa sett stjórnfestu og ábyrgð fjölþjóðlegra fyrirtækja á stefnuskrána. OECD var einna fyrst til að koma með tillögur til fyrirtækja um góða stjórnarhætti á ýmsum sviðum – í virða ekki eingöngu hagsmuni hluthafa heldur einnig annarra hagsmunaaðila, t.d. í mótun starfsmannastefnu í jafnréttismálum, að virða umhverfið o.s.frv.

Frammistaða í ársskýrslum er grundvallaatriði fyrir fjárfesta – upplýsingar um stefnu fyrirtækja, áherslur, samkeppnisaðila, áhættur, stjórnarhætti og launakjör hafa mikið gildi. Trúverðugleiki fyrirtækjanna veltur á þessari upplýsingagjöf.

Það hefur orðið stökkbreyting á íslensku viðskiptalífi – þar sem Íslendingar skara fram úr meðal norðurlandþjóða í alþjóðlegum fjárfestingum - enda hafa ársskýrslur ísl. fyrirtækja tekið stórstígum framförum í beinu hlutfalli við vaxandi umsvif á alþjóðavettvangi. Stórhugur íslenskra fyrirtækja hefur vakið athygli og viðskiptajöfrum samtímans hefur verið líkt við víkinga.

Í alþjóðavæðingu ísl. fyrirtækja sem margir kalla útrás – er ársskýrslan ytri birting annarra þátta og lykilatriði í að þau nái árangri til lengri tíma.

Ársskýrslan verður einnig síðari tíma heimild þessara nútíma víkinga um áræði, hugdirfsku og einbeitt áform um að skapa sér rými til athafna. Því sannari upplýsingar sem hún inniheldur því trúverðugri verður hún. Forfeður okkar á víkingaöld kölluðu hlutina sínum réttu nöfnum – tilgreindu óvini sína hikstalaust – ræktuðu fjandskap af alúð og gengu þannig frá málum að það var ekkert hálfkák. Sá siður að meiða menn, handhöggva, fóthöggva, blinda eða gelda var ekki tíðkaður fyrr en á síðari tímum Fornmönnum þótti sómi að eiga veglega fjandmenn –. Þeir börðust fyrir orðstýr, frægð og herfangi í senn – í þeirri vissu að *orðstírr deyr aldregi hveim, er sér góðan getr.*

Fornmenn vissu eins og kemur fram í Hávamálum að auður er “valtastur vina” og aðeins eitt getur lifað ævinlega og það er góður orðstýr. Sú lífsskoðun sem birtist í Hávamálum brýnir ekki fyrir mönnum að einn fugl í hendi sé betri en tveir í skógi – heldur að hætta öllu fyrir hið fjarlæga og torsóttu – trúin á eilífan orðstýr var merki manngildis – og þessi trú endurspeglast í skráðum heimildum þessa tíma.

Við myndum ekki vita hver Egill Skallagrímsson var ef hann hefði ekki skráð niður upplýsingar um sjálfan sig og umhverfi sitt á sínum tíma. Egill var eins og Sigðurður Nordal benti á ... “fyrsti Íslendingur, sem áreiðanlegar heimildir eru um. Fyrir því hefur hann séð með því að yrkja um sjálfan sig og yrkja svo merkilega, að hvorki gleymdist né verður neinum seinni tíma manni treyst til þess að hafa gert honum upp slík orð. Hann er líka einn þeirra Íslendinga, sem markar hinni nýju þjóð stefnu, eins fyrirferðamikill í andlegu lífi hennar og stofnendur allsherjarríkis í þjóðfélagslífinu” og viðskiptajöfrar samtímans nú - Egill er meira að segja fyrsti Germaninn, sem kemur fram á sjónarsvið sögunnar og lýsir sér með eigin orðum, allt frá ytra útliti til innsta angurs. Hjá engum öðrum er fýsilegra að nema staðar til þess að njóta útsýnis þegar líta skal yfir norræna lífsskoðun á víkingaöld.

Hver veit nema ársskýrslur samtímans verði heimild framtíðar um lífsskoðun Íslendinga í upphafi 21. aldar – fámenna, gáfaða og framagjarna þjóð – sem hefur erft frá forfeðrum sínum ákveðna stórmennsku – en líka vonandi það sem birtist í fornlögum íslenska þjóðveldisins – næman og drengilegan skilning á hvað er rétt . . .